



6. DKG fundur vetrarins-

Vorferð á Suðurnesin, heimsókn til Þetadeildar, 14.apríl 2018.

Vorferðin okkar þetta árið var heimsókn á Suðurnesin. Systur okkar í Þeta deild tóku á móti okkur systurum úr Epsilondeildinni.

Dagurinn hófst í Duushúsum þar sem Valgerður menningarfulltrúi bæjarins og Þetasystir leiddi gestina um allar sýningar húsanna af sinni alkunnu snilld.

Að loknum hádegisverði í Duushúsum var haldið í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar sem iðaði af lífi þennan dag en þar stóðu yfir píanódagar. Þær Þetasystur Karen aðstoðarskólastjóri og Geirþrúður deildarstjóri sögðu stoltar frá starfi skólans og Ester píanónemandi spilaði fyrir fyrir hópinn. Að sjálfsögðu var kíkt við á Rokksafnið í Hljómahöllinni.

Ferðin endaði svo í frumkvöðlasetrinu Eldey á Ásbrú hjá Fidu í geoSilica og Helgu hjá Mýr Design. Þar var svo sannarlega vel tekið á móti hópnum og fróðlegt að sjá og heyra um starfsemi þeirra.

Síðast en ekki síst voru tengslin efld í ferðinni, konur spjölluðu saman og þá er gaman í góðra vina hópi. 🌹 Við þökkum systurum okkar úr Þetadeild kærlega fyrir frábærar móttökur og einstaklega skemmtilega samveru þennan laugardag á Suðurnesjum.